

100

7. des.

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febr. 1940.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna „konunginn“ og „konungsvald“ í 99. gr., 2. mgr. 100. gr. og 1. málsg. 101. gr. almennra hegningarlaga komi: „forsetann“ og „forsetavald“.

2. gr.

2. málsg. 101. gr. laganna orðist svo:

Sé slíkur verknaði beint gegn nánustu vandamönnum forsetans, þannig að álíta meg, að broti sé stefnt að heimili hans, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

3. gr.

Á eftir orðunum „Hver sem leitast við að aftra því“ í upphafi 102. gr. laganna bætist inn í orðin: „að fram fari kjör forseta“, o. s. frv.

4. gr.

Hvarvetna þar, sem í lögunum segir: „í konunglegri tilskipun“ (33., 37., 43., 45., 47., 266. greinar), komi: „með reglugerð“.

Í stað „konungur“ (85. gr. 1. og 2. málsg.) og „konung“ (149. gr.) komi: „forseti“ og „forsetann“.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. desember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

101

10. des.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 10. desember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.